



Laufey Axelsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir

Kynjaðar væntingar til kvenna og karla í tveimur leikskólum

► Um höfunda ► Efnisorð

Í greininni er fjallað um konur og karla sem starfa við uppeldi og kennslu í tveimur leikskólum á Íslandi. Lögð er áhersla á að skoða hvernig hugmyndir um karlmennsku og kvenleika hafa áhrif á vinnubrögð þeirra og viðhorf og væntingar sem þau mæta í starfi. Ætlunin er að varpa ljósi á stöðu jafnréttismála í þessum tveimur leikskólum. Byggt er á hugtökum Connell (1987), *ríkjandi karlmennska* og *styðjandi kvenleiki*. Eigindlegum rannsóknaraðferðum var beitt en gagnasöfnun í formi hálfstaðlaðra einstaklingsviðtala og þátttökuathugana hófst í september 2011 og stóð fram í apríl 2012. Tekin voru viðtöl við átta konur og tvo karla sem starfa í tveimur leikskólum og gerðar tvær þátttökuathuganir, ein í hvorum leikskóla. Niðurstöður benda til þess að verkaskipting í leikskólunum tveimur sé kynjuð þar sem hefðbundnum hugmyndum um hlutverk kynjanna er viðhaldið innan þeirra. Orðræðan um karlana innan leikskólanna og áherslur þeirra er með jákvæðum formerkjum og þeim hrósað af konunum fyrir að sinna til dæmis fótbolta. Þessi stuðningur skapar körlunum ákveðna sérstöðu í leikskólunum tveimur þar sem sambærileg orðræða á sér ekki stað um konurnar. Orðræðan um áherslur kvennanna á líkamlega umönnun, eftirlit og foreldrasamskipti var oft með neikvæðum formerkjum. Umræðan var lítuð eðlishyggju: talað var um móðureðlið sem áhrifaþátt í starfsvali og að kynin væru ólík og þyrftu þar af leiðandi ólík verkefni. Einnig kom fram að karlkyns starfsmenn í leikskólunum tveimur mæta fordómum en það bendir til þess að starfið samræmist illa hugmyndum samfélagsins um karlmennskuna. Umræðan gefur til kynna að fólk virðist eiga erfitt með að sjá það fyrir sér að karlar sem sækjast eftir starfi í leikskólum geri það af áhuga á umönnun og velferð barna heldur hljóti annarleg sjónarmið að búa þar að baki.

Gendered attitudes and expectations towards women and men working in Icelandic preschools

► About the authors ► Key words

The World Economic Forum (2013) annually reports on the status of the global gender gap in 136 countries (p. 6). According to the 2013 report Iceland is the country with the narrowest gender gap in the world (p. 16). Even though the situation concerning equal status between men and women is good compared with many other countries, there are still issues that need to be improved. Gender segregation in the labour market is high, women do not have the same accessibility to management positions as men, and there is still a gender pay gap (p. 220). Preschool teaching is a low-paying job (Þórdís Þórðardóttir, 2012b, p. 68

and 79), and the majority of preschool teachers are women. In 2012, 94% of preschool employees in Iceland were women (Hagstofa Íslands, 2013c), and about 98% of those studying to become preschool teachers (Hagstofa Íslands, 2013b). Qualified preschool teachers were only about 33% of preschool employees in 2013 (Hagstofa Íslands, 2013d).

The aim of the article is to examine how ideas about masculinity and femininity influence men and women who work in two preschools in Iceland. Attitudes of both qualified preschool teachers and unqualified staff are taken into account in order to get a comprehensive view of the status of equal rights between men and women in the preschools. Connell's concept of hegemonic masculinity and emphasized femininity were applied to explore gender relations in the preschools. The position of women and men in Icelandic preschools has not been studied this way before. This article seeks to answer the following question: How do ideas about femininity and masculinity influence the approaches of women and men working in preschools, and how do these ideas affect expectations towards them?

Qualitative methods were used, and data was gathered during the 2011–2012 school year. Data was collected in two preschools, consisting of ten interviews and two participant observations. Five interviews were conducted in each preschool, four with women and one with a man. Their job experience ranked from less than two years to about thirty years. Three of them were qualified preschool teachers, whereas two of them were unqualified staff members. The male interviewees in both the preschools were unqualified. In each preschool one participant observation was conducted providing an opportunity to observe how women and men work and communicate.

The conclusions show that the division of labour in both the preschools is predominantly along gendered lines. The men receive support from the women in the preschools, who often compared the men's methods of work to their own. The discourse concerning the men's approach to their work is positive and the women compliment them, for example for playing football. This support provides them with a unique position in the two preschools, where no comparable discourse applied to women. The women thus facilitate men's dominant status through emphasized femininity, which is one of the reasons for women's subordination in society (Connell, 1987, p. 183). Essentialism characterized the participants' discussion where preconceived notions about different gender roles for men and women were dominant. The division of labour among the staff can influence children's preconceived notions about different roles for men and women based on their gender. The findings also indicate that male preschool employees are thought to be important role models for the children and particularly the boys. The discussion is related to the "poor boys" discussion. A common myth in the discourse is that poor educational performance of boys can be attributed to their lack of male role models in schools (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004, p. 116). Furthermore the findings show that women seem to expect male employees to stay in preschools for a short time because the low salary will be unacceptable to them. This kind of discussion did not define attitudes towards women. Prejudice inside the preschools and from parents appears to have contributed to the fact that few men work in preschools. This relates to their characterisation as potential sex offenders. It seems to be difficult for people to picture men wanting to work in preschools because of their interest in childcare and the wellbeing of children.

One of the aims of the Act on Equal Rights of Women and Men (i. *Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008*) is to change traditional gender roles and work against negative stereotypes concerning women and men through awareness-raising. The aim is also to specifically improve the status of women and increase their opportunities in society, for example by increasing

education on gender equality. It seems that these factors are not being considered thoroughly and the findings pose questions whether other preschools have as clear a division of labour regarding women and men. Further research is required to shed light on gender equality, or lack thereof, and whether the low status of women is reproduced in other preschools as well.

Inngangur

Í skýrslu Alþjóðaefnahagsráðsins árið 2013 kemur fram að Ísland skipar efsta sæti lista (World Economic Forum, 2013, bls. 16) 136 ríkja (bls. 6) hvað varðar jafnrétti kynjanna í stjórnámálum, menntun (bls. 12) og þegar kemur að tekjum (bls. 17). Þrátt fyrir góða stöðu jafnréttismála á Íslandi, í samanburði við önnur lönd, mætti ýmislegt betur fara. Aðgengi kvenna að stjórnunarstöðum er ekki það sama og aðgengi karla, kynbundinn launamunur er enn til staðar og íslenskur vinnumarkaður er mjög kynjaskiptur (World Economic Forum, 2013, bls. 220). Vinnustaður telst vera kvenna- eða karlavinnustaður ef tveir þriðju hlutar starfsfólks eru af sama kyni (Forsætisráðuneytið, 2004, bls. 29). Ef staða uppeldis- og kennslustarfs í leikskólum er skoðuð með tilliti til þessara þátta þá er það lágláunastarf (Þórdís Þórðardóttir, 2012b, bls. 79) sem nær eingöngu konur vinna. Árið 2012 voru konur tæplega 94% starfsfólks í leikskólum sem sinnti uppeldis- og kennslustörfum (Hagstofa Íslands, 2013c) og tæplega 98% nema í leikskólakennarafræðum (Hagstofa Íslands, 2013b). Þá voru leikskólakennarar einungis um 33% starfsmanna leikskólanna árið 2012 (Hagstofa, 2013d). Í markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 kemur meðal annars fram að vinna eigi gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla og að breyta þurfi hefðbundnum kynjaímyndum. Mikilvægt er að jafna stöðuna þegar kemur að leikskólastarfinu á Íslandi ef ætlunin er að stuðla að auknu jafnrétti kynjanna á vinnumarkaðnum og að bregðast við kynbundnu náms- og starfsvali.

Í skýrslu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2012) er fjallað um aðgerðir til að efla leikskólastigið og fjölga einstaklingum sem sækja um leikskólakennaranám ásamt aðgerðum til að jafna kynjahlutföll starfsfólks í leikskólum (bls. 2). Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar til að varpa ljósi á stöðu kvenna og karla á vinnumarkaðnum þótt engin þeirra sé með sama sniði og þessi. Þórdís Þórðardóttir (2012b) skoðaði hvers vegna konur fremur en karlar sækjast eftir kennaramenntun og kennslu sem starfsvetvangi til að varpa ljósi á heim kvenna sem ræðst af staðalímyndum um hlutverk og stöðu kvenna (bls. 65). Anna Elísa Hreiðarsdóttir (2006) tók viðtöl við karlkyns leikskólakennara til að varpa ljósi á stöðu þeirra innan leikskólanna. Hún skoðaði meðal annars fjölda karla í leikskólum og hvað gæti valdið því að þeir eru ekki fleiri (bls. 7). Karlkyns leikskólakennarar í rannsókn hennar finna fyrir þröskuldum í námi, starfi og samfélagi eins og lágum launum, að leikskólar eru kvennaheimur og að þar eru fáir karlar. Þó að karlarnir upplifi fordóma í samfélaginu eru þeir bæði ánægðir í námi og starfi (bls. 107–108). Jóhanna Einarsdóttir, Arna H. Jónsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (2013) skoðuðu hvort munur væri á því hvernig leikskólakennarar og leiðbeinendur lýstu áherslum sínum og daglegum verkum í leikskólum. Niðurstöður þeirra sýna verkaskiptingu milli leikskólakennara og leiðbeinenda þannig að leikskólakennarar bera meiri ábyrgð á foreldrasamskiptum og umönnun og menntun barna með sérþarfir. Loks skoðaði Lena Rut Birgisdóttir (2011) reynslu sex karla í hefðbundnum kvennastörfum og hvað hafði áhrif á starfsval þeirra. Upphaflega stefndu viðmælendur hennar ekki að núverandi starfi. Reynsla af kvennastarfi hafði áhrif á starfsval þeirra og einnig stuðningur og uppeldisaðstæður. Þá upplifa þeir ýmsar hindranir, eins og neikvæð viðhorf, fordóma og að karlmennsku þeirra væri ógnað (bls. 3).

Markmiðið með þessari grein er að skoða hvernig hugmyndir um karlmennsku og kvenleika hafa áhrif á karla og konur sem sinna uppeldis- og kennslustörfum í tveimur leik-

skólum. Greinin er byggð á rannsókn¹ sem unnin var á árunum 2011 til 2013. Leitast er við að fá ákveðna heildarmynd af stöðu jafnréttismála innan leikskólanna með því að draga fram viðhorf bæði leikskólakennara og leiðbeinenda. Lögð er áhersla á niðurstöður sem beinast að stöðu kvenna og karla sem starfa í leikskólunum. Niðurstöðurnar eru mikilvægt framlag til lýsingar á stöðu kvenna og karla á vinnumarkaðnum og þær varpa einnig ljósi á stöðu barna í leikskólum. Með því að beita hugtökum Connell (1987), *ríkjandi karlmennska* og *styðjandi kvenleiki*, fæst ný sýn á stöðu kvenna og karla sem starfa í leikskólum. Leitað er svara við eftirfarandi spurningu: Hvernig hafa hugmyndir um kvenleika og karlmennsku áhrif á áherslur kvenna og karla sem starfa í leikskólum og þær væntingar sem gerðar eru til kynjanna?

Fræðileg umfjöllun

Hugtök

Hugtakið kyn er líffræðilegt en West og Zimmerman (1987) segja að kyngervi (e. *gender*) sé félagslega mótað af daglegum athöfnum og samskiptum fólks þar sem hugmyndir um karlmennsku og kvenleika skipti máli (bls. 126). Þau skoða kyngervi í félagslegum skilningi sem kerfisbundna og endurtekna kunnáttu og telja að kynjamunur sé ekki náttúrulegur, eðlislægur eða líffræðilegur en sé þó notaður til að styrkja hugmyndina um eðlislægni kyngervis (bls. 137).

Hugtakið kynjatengsl (e. *gender relations*) er notað til að lýsa á gagnrýninn hátt því hlutverki sem kyngervi gegnir í félagslegum tengslum (Haug, 2005, bls. 279). Kynjatengsl skapa til dæmis þekkingu um karlmennsku og eru í eðli sínu söguleg (Connell, 2005, bls. 44), það er félagslegar venjur skapa kynjatengsl í sögulegu samhengi (Connell og Messerschmidt, 2005, bls. 843). Þá er myndun þeirra og umbreyting pólitískt ferli sem hefur áhrif á jafnvægi kynjatengsla í samfélaginu og það hvernig félagslegar breytingar þróast (Connell, 2005, bls. 44). Kynjatengsl myndast til dæmis samhliða launaðri vinnu og barnauppleði (Connell og Messerschmidt, 2005, bls. 842) og skipta þannig máli í umræðunni um valdatengsl á vinnumarkaðnum og starfsmöguleika kvenna og karla.

Hlutverk eru skilgreind út frá væntingum og stöðlum en kynhlutverk (e. *sex roles*) út frá væntingum sem tengjast kyni (Connell, 2005, bls. 25). Kolbeinn H. Stefánsson (2008) bendir á að hugmyndir Íslendinga um kynhlutverk séu litaðar eðlishyggju (bls. 38) en greininguna byggir hann á gögnum sem safnað var árið 2002 fyrir The International Social Survey Programme um fjölskyldulíf og breytt kynhlutverk. Sumir sem aðhyllast eðlishyggju virðast telja mótun kyngervis sjálfgefna og að litlu sé hægt að breyta um hlutverk kynjanna (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004, bls. 36). Eðlishyggja (e. *essentialism*) er gömul kenning sem rekja má til Aristótelesar (Ásta Kristjana Sveinsdóttir, 2002, bls. 169), en hann lagði grunn að tvíhyggju kynjamunar. Hann setti fram kenningu um kven-eðlið sem átti að vera fastur og óbreytanlegur eiginleiki sameiginlegur öllum konum. Samkvæmt kenningu hans liggur rötin að kveneðlinu í kvenlíkamanum og siðferðilegir og vitsmunalegir eiginleikar eru leiddir af líkamlegu hlutverki kvenna sem er að ganga með og ala börn (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2002, bls. 94).

Ríkjandi karlmennska og styðjandi kvenleiki

Hugmyndir um karlmennsku og kvenleika greina karla og konur hvert frá öðru. Hugtakið karlmennska er gjarnan tengt völdum karla, meintum líkamlegum yfirburðum þeirra, aga, rökvisi, hlutlægni, samkeppni og því að vera snöggur að bregðast við aðsteðjandi vanda.

¹ Greinin er byggð á niðurstöðum meistaraþrófsrannsóknar Laufeyjar Axelsdóttur í kynjafraeði við Stjórnmalafraeðideild Háskóla Íslands: Laufey Axelsdóttir. (2013). *Leikskólakennarastarfið í feminísku ljósi: Samskipti kvenna og karla, fagleg staða og áhrif sveitarfélaga á stöðu og þróun leikskólakennarastarfsins*. Meistararitgerð. Reykjavík: Háskóli Íslands. Rannsóknin var unnin undir leiðsögn Gyðu Margrétar Pétursdóttur.

Aftur á móti hefur hugtakið kvenleiki verið tengt valdaleysi, veikleika, sérstökum hæfileikum til að tjá sig, sköpunargáfu, tilfinningasemi og samvinnu (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004, bls. 58). Hugtakið karlmennska byggist á samanburði við kvenleika og verður aðeins til í kerfi kynjatengsla (Connell, 2005, bls. 67–71). Kynjatengslin geta verið mismunandi eftir aðstæðum og þar af leiðandi karlmennska líka (Connell og Messerschmidt, 2005, bls. 836).

Connell fór að nota hugtakið ríkjandi karlmennska (e. *hegemonic masculinity*) árið 1982. Með notkun hugtaksins er dregin fram hugmyndin um margar gerðir karlmennsku (e. *masculinities*) og gert ráð fyrir að aðrar gerðir karlmennsku séu undirsettar ríkjandi karlmennsku (Connell og Messerschmidt, 2005, bls. 845–846). Dæmi um ólíkar gerðir karlmennsku eru karlmennska verkamanna, karlmennska miðstéttarkarla og karlmennska svartra karla þar sem stéttarstaða og kynþáttur skipta máli. Aftur á móti er ekki bara munur á milli kynþátta og stétta því ólíkar gerðir karlmennsku verða einnig til innan sömu menningarheima og stofnana, eins og til dæmis í skólum. Karlmennska óstýriláttra drengja þróast þannig ólíkt karlmennsku drengja sem leggja áherslu á bóknám (Connell, 2005, bls. 36). Connell (2005) telur nauðsynlegt að þekkja tengslin á milli ólíkra tegunda karlmennsku, það er tengsl bandalaga, yfirráða og undirskipunar. Tengslin verða til í aðstæðum sem til dæmis útiloka og kúga samkynhneigða karla (bls. 37). Ríkjandi karlmennska á einungis við um minnihluta karla, það er ímynd karlmanns sem er í hávegum hafður og krefst þess að aðrir karlar staðsetji sig með tilliti til hans. Þá stuðlar ríkjandi karlmennska að undirskipun kvenna í samfélaginu (Connell og Messerschmidt, 2005, bls. 832). Þó að ríkjandi karlmennska eigi einungis við um fáa karla hagnast meirihluti þeirra almennt á ráðandi stöðu karla og undirskipun kvenna í samfélaginu (Connell, 2005, bls. 79). Connell (1987) segir að enginn kvenleiki geti verið ríkjandi eins og ríkjandi karlmennska þar sem allir gerðir kvenleika (e. *feminites*) mótist í samhengi við undirskipun kvenna gagnvart körlum. Þar skipta tveir þættir meginmáli. Í fyrsta lagi gerir áherslan á félagsleg völd karla það að verkum að konur hafa takmarkað svigrúm til að byggja upp vald yfir öðrum konum. Í öðru lagi þekkist það ekki að kvenleiki sé ríkjandi yfir körlum og almennt er ekki lögð áhersla á til dæmis vald, yfirráð og árársarhneigð í sköpun og viðhaldi kvenleika líkt og karlmennsku (Connell, 1987, bls. 187).

Samhliða hugtakinu ríkjandi karlmennska varð til hugtakið styðjandi kvenleiki (e. *emphasized femininity*) (Connell og Messerschmidt, 2005, bls. 848). Styðjandi kvenleiki er ein af forsendum þess að hægt sé að viðhalda undirskipun kvenna í samfélaginu og er skilgreind út frá eftirlátssemi, undirskipun og því að þjóna löngun karla (bls. 183) þar sem hlýðni skiptir meginmáli (bls. 187). Konur geta einnig lotið karlmennsku sem ekki er ríkjandi og jafnvel fundist ríkjandi karlmennska viðráðanlegri og kunnuglegri, og líklegt er að ríkjandi karlmennska og styðjandi kvenleiki falli vel hvort að öðru (Connell, 1987, bls. 185). Hugtökin lýsa yfirráðum karla og undirskipun kvenna en þau kynjatengsl eru sögulegt ferli en ekki kerfi sem endurnýjast sjálfkrafa (bls. 844). Nýjar gerðir kvenleika verða til og aðrar hverfa en mikilvægur þáttur í að viðhalda styðjandi kvenleika er að koma í veg fyrir að aðrar gerðir kvenleika öðlist fasta stöðu í menningunni. Þar af leiðandi verður styðjandi kvenleiki áberandi í menningarlegu samhengi þó að hann sé tengdur heimili og barneignum (Connell, 1987, bls. 187–188). Styðjandi kvenleiki ýtir þannig undir ríkjandi karlmennsku með því að staðsetja konur og karla sem andstæður í anda eðlisbyggju og styrkir þau kynjatengsl að konur séu undirskipaðar körlum.

Aðferðafræði, aðferðir og gögn

Rannsóknaraðferðin er eigindleg en markmið eigindlegrar aðferðar er að skilja samhengi félagslegs ferlis en jafnframt einstaklingsbundna reynslu þátttakenda og rannsakenda (Esterberg, 2002, bls. 2). Leitast var eftir þátttöku bæði leikskólakennara og leiðbeinenda í tveimur leikskólum í tveimur sveitarfélögum. Í báðum leikskólunum voru um 150 börn og

37 starfsmenn sem sinntu umönnunar- og kennslustörfum. Þegar viðtölin voru tekin störfuðu þrjú karlar í öðrum leikskólanum en fjórir í hinum og voru þeir allir leiðbeinendur. Þá voru 33% starfsfólks annars leikskólans með leikskólakennaramenntun og 67% þeirra voru leiðbeinendur. Í hinum leikskólanum voru 43% starfsfólks með leikskólakennaramenntun, 7% með aðra upp eldismenntun og leiðbeinendur voru um 50% starfsfólks. Óskað var eftir viðmælendum sem höfðu unnið í leikskóla í að minnsta kosti eitt ár þar sem rannsakendur mátu það svo að ákveðin starfsreynsla væri forsenda þess að viðkomandi gæti veitt innsýn í starfið. Tekin voru tíu viðtöl, fimm í hvorum leikskóla, og gerðar tvær þátttökuathuganir. Í báðum leikskólunum voru tekin viðtöl við fjórar konur og einn karl og gerð ein þátttökuathugun. Einungis voru tekin viðtöl við tvo karla þar sem aðrir karlar voru allir tiltölulega nýbyrjaðir í leikskólunum. Tekin voru viðtöl við aðstoðarleikskólastjóra, leikskólastjóra, tvo leikskólakennaramenntaða deildarstjóra, tvo leikskólakennara sem voru ekki í stjórnunarstöðu og fjóra leiðbeinendur. Starfsreynsla kvennanna var frá átta árum til um það bil 40 ára og þær voru á aldrinum 30 til 60 ára. Karlarnir höfðu báðir innan við tveggja ára starfsreynslu og voru í kringum tvítugt. Til að nálgast þátttakendur þurfti að fá aðstoð hjá skólastjórum leikskólanna sem urðu þar með hliðverðir rannsakenda. Samkvæmt O'Reilly (2005) eru hliðverðir lykilþátttakendur en þeir auðvelda rannsakendum aðgang að hópi eða aðstæðum (bls. 91).

Gagnasöfnun hófst í september 2011 og stóð fram í apríl 2012. Reynsla þátttakenda var dregin fram með hálfstöðluðum einstaklingsviðtölum og þátttökuathugunum. Fyrir viðtölin voru útbúnir viðtalsrammar sem tóku mið af því hvort verið var að tala við leiðbeinendur, leikskólakennara, konur eða karla. Þeir þróuðust á milli viðtala og í takt við viðtölin og þátttökuathuganirnar. Spurt var um þætti er lúta að mati viðmælenda á vinnubrögðum karla og kvenna, virðingu karla og kvenna, um ástæður fyrir fæð karlkyns starfsmanna, hvort þörf væri á að fjölga körlum og hvort staða kynjanna væri rædd með markvissum hætti í leikskólunum.

Í þátttökuathugunum var fylgst með störfum og samskiptum leikskólastarfsfólks í vinnu-umhverfi þess og það gaf tækifæri til að sjá hvernig starfið færi fram. Ákveðið var að safna gögnum með þessum tveimur aðferðum þar sem þær geta bætt hvor aðra upp. Creswell og Miller (2000) fjalla um margþrófun (e. *triangulation*) sem gengur út á að styrkja niðurstöður með fleiri en einni mælingu til að meta réttmæti niðurstaðna (bls. 126). Viðtöl geta veitt innsýn í hugsanir fólks og tilfinningar en hegðun fólks er ekki alltaf í samræmi við það sem það segir (Esterberg, 2002, bls. 36). Þátttökuathuginin getur þannig veitt viðbótarupplýsingar. Önnur leið til að meta réttmæti er að skoða réttmæti frásagnarinnar með því að fá þátttakendur til að meta hvort túlkun rannsakandans passi við frásögn þeirra (bls. 125) og auka þannig trúverðugleika rannsóknarinnar (bls. 127). Öllum tíu þátttakendum var boðið að lesa niðurstöðurnar og vildu fimm þeirra fá að lesa þær yfir. Einn þeirra sendi svar til baka og sagðist vera „*dálítið hissa*“ á niðurstöðunum. Athugasemdir hans voru útskýringar á starfinu en ekki beiðni um að breyta einhverju.

Heildartíminn sem viðtölin tóku var um tíu klukkustundir og voru þau hljóðrituð með staf-rænu upptökutæki og síðan afrituð með samþykki viðmælenda. Þátttökuathuganirnar tóku hvor um sig um tvær klukkustundir. Vettvangsnótur vegna viðtala og þátttökuathugana voru 588 blaðsíður af skrifuðu efni. Til að tryggja nafnleynd var farin sú leið í greiningunni að fjalla um alla þátttakendur saman og aðgreina þá ekki eftir leikskólum. Þá var annað hvort vísað í kyngervi og stöðugildi eða gervinafn og stöðugildi.

Við greiningu gagnanna var nálgun grundaðrar kenningar (e. *grounded theory approach*) og gagnrýninni orðræðugreiningu (e. *critical discourse analysis*) beitt á gögnin til að koma skipulagi á þau og flokka í þemu. Nálgun grundaðrar kenningar felst í að minnsta kosti tveimur þáttum, það er opinni kóðun og markvissri kóðun (Charmaz, 2006, bls. 46). Opin

kóðun fer fram samhliða gagnaöflun (bls. 5) þar sem brot úr gögnum, orð, línur, hlutar og atvik eru vandlega skoðuð með tilliti til þess hvort nota eigi þau í greiningunni og til að flokka þau í þemu. Mikilvægt er að staldra við og spyrja greinandi spurninga sem auðvelda rannsakanda að skilja gögnin og leiða hann áfram í gagnaöfluninni (Charmaz, 2006, bls. 42). Þannig er hægt að sjá hvort breyta þurfi viðtalsrammanum fyrir næsta viðtal. Markviss kóðun snýst um að lesa gögnin með ákveðin þemu í huga og afmarka þau enn frekar (bls. 46).

Stuðst var við gagnrýna orðræðugreiningu til að skoða gögnin frekar því eins og Charmaz (2006) bendir á er hægt að beita öðrum eigindlegum aðferðum með nálgun grundaðrar kenningar (bls. 9). Gagnrýnin orðræðugreining nær sérstaklega til stofnana-, pólitískrar, kynja- og fjölmiðlaorðræðu (Wodak og Meyer, 2001, bls. 2). Þar sem skoðuð var orðræða um karla og konur innan stofnunar átti vel við að styðjast við þær hugmyndir. Margar leiðir eru mögulegar í gagnrýninni orðræðugreiningu en flestar þeirra spyrja spurninga um hvernig ákveðin orðræða þróast í endursköpun félagslegra yfirláða. Dæmigerður orðforði inniheldur til dæmis hugmyndir um völd, yfirláð, forræði, stéttarstöðu, kyngervi, mismunun og stofnanir (Dijk, 2001, bls. 353–354). Þetta eru allt hugmyndir sem skiptu máli við greiningu gagnanna þar sem skoðað var hvort og þá hvernig orðræða samfélagsins um konur og karla endurspegladist í viðhorfum og væntingum til kvenna og karla sem störfuðu í leikskólunum tveimur.

Dijk (2001) setur upp kenningarlegan ramma til að greina orðræðu og völd ásamt því að skoða hvernig völd og yfirláð eru endursköpuð í texta og tali (bls. 363). Hann skilgreinir félagsleg völd með hliðsjón af stjórnun, það er hópar hafa völd ef þeir geta stjórnað hegðun og huga meðlima annarra hópa. Með þessu skilgreinir hann völd hópsins en ekki einstaklinga innan hans en bendir á að staða þeirra getur verið misjöfn. Þessi hugmynd gerir ráð fyrir því að völd forrættindahópa feli í sér aðgang að fágætum félagslegum úrræðum eins og til dæmis styrk og stöðu. Vald ríkjandi hópa getur verið almennt samkomulag og þar af leiðandi tekið á sig forræðismynd, kynjamisrétti er dæmi um slíkt (bls. 355). Kenningarlegur rammi Dijks er gagnlegur til að skoða og greina gögnin þar sem rannsóknin miðar að því að skoða stöðu kvenna og karla á hefðbundnum kvennavinnustað. Þannig má greina hvort og þá hvernig ríkjandi hugmyndir um konur og karla endurskapast innan leikskólanna. Skoða má valdastöðu kynjanna innan leikskólanna og hvort þar birtist kynjamisrétti í einhverri mynd. Í þessari umræðu skiptir einnig máli að skoða vald leikskólakennara og leiðbeinenda yfir leikskólabörnum, það er hvort áherslur þeirra stuðli að jöfnum möguleikum allra barna í leikskólunum.

Niðurstöður

Ólíkar áherslur í ljósi hugmynda um karlmennsku og kvenleika

Flestir viðmælendurnir töluðu um að konur og karlar sinntu yfirleitt sömu verkefnum en að ákveðinn munur væri á vinnubrögðum þeirra, og þar var umræða um karla og fótbolta áberandi. Til dæmis kom fram hjá kvenkyns deildarstjóra að það væri mikilvægt að fá fleiri karla í leikskólana: „Af því þeir eru bara allt öðruvísi, vinna allt öðruvísi ...“ Í orðum hennar má greina eðlishyggju og þegar hún var spurð hvernig þeir væru öðruvísi en konur sagði hún:

Þó einhver sé með hor ... skilurðu þeir eru ekkert í þessum smáatriðum. Við [konur] erum alveg komnar með klútinn og, og snýtubrésið og allt þetta og alltaf að hjálpa og við erum svo fljótar að, að, sko, taka af krökkunum reynsluna ... Við erum alltaf að passa og alltaf að þjóna og allt það. Þeir eru miklu slakari, sem er líka gott ... Mér finnst það bara miklu skemmtilegra. Mér finnst gaman að hafa stráka í vinnu líka. Þeir fara í fótbolta, og eru

svolítið svona töffarar, og svona gamnislag og það sem ég myndi aldrei gera, sko. Ég myndi aldrei fara í gamnislag.

Parna kemur fram ákveðinn samanburður á verkefnum sem konur og karlar sinna, líkt og hjá Rósu leikskólakennara:

Já, það er náttúrulega bara æðislegt að fá þá inn, sko, það er ekki spurning. Og ... ég hef tekið eftir því svona í útiveru og svona þá eru þeir komnir í boltaleik og svona ... þeir eru virkari svona svolítið þannig ... já, náttúrulega bara frábært að hafa þá, sko, ekki spurning. Frábært fyrir börnin og okkur líka ...

Athyglisvert er að skoða orð þeirra betur. Orðræðan í kringum karlana er á jákvæðum nótum og þeim er hrósað. Dregið er fram að þeir séu slakari og það sé gott, það sé gaman að hafa þá, þeir fara í fótbolta og gamnislag, eru töffarar, eru virkari og það sé frábært að hafa þá. Orðræðan í kringum konurnar er aftur á móti á neikvæðari nótum. Sagt er að þær séu í smáatriðum, fljótar að taka af börnum reynsluna, alltaf að passa og þjóna og sinni fótboltanum ekki eins vel. Umönnun og umhyggja eins og líkamleg umhirða, umsjón og eftirlit verða lítilvægir þættir í leikskólastarfi í umfjöllun þeirra þó að umsjón og eftirlit skipti til dæmis miklu máli við að tryggja öryggi barna (Umboðsmaður barna, 2014). Connell (2005) bendir einmitt á að meirihluti karla hagnist almennt á ráðandi stöðu karla og undirskipun kvenna (bls. 79) líkt og umræðan um karlkyns leiðbeinendurnar í leikskólunum tveimur bendir til. Þannig geta konur verið alveg eins undirokaðar af karlmennsku sem er ekki ríkjandi (Connell, 1987, bls. 185). Þegar Rósa var spurð hvað konurnar gerðu á meðan karlarnir lékju við börnin sagði hún: „*Þær eru náttúrulega bara að fylgjast með og svona ...*“

Samanburður á verkefnum kvenna og karla birtist jafnframt í orðræðu kvenkyns leikskólastjóra:

Þurfa allir að gera allt? ... Já, þetta er nefnilega umræðuefnið ... þá með strákana, sko. Kannski eru þeir betri úti á leikvelli í fótbolta ... ég sé enga af starfskonunum hér fara í fótbolta eða leika úti á leikvelli. Kannski eru þeir betri í því og ef þeir eru betri í því, betri í einhverju sem skiptir máli, þá finnst mér líka allt í lagi að þeir kannski geri ekki allt annað. En þetta verður þá að vera eitthvað sem skiptir máli. Ekki bara betri í því að tjatta við mömmurnar eða eitthvað. En þú veist, þetta verður að vera eitthvað sem að skiptir máli fyrir starfið á deildinni. Þá fyndist mér í lagi þó að ... það væri einhver annar sem tæki til inni.

Vert er að skoða hvernig hún notar fótboltann til að réttlæta ólíka verkaskiptingu kynjanna í leikskólanum. Vissulega er fótboltinn uppeldis- og kennslufræðilega mikilvægur en í orðum hennar má greina að það sé í lagi að konurnar sinni undirskipuðum verkefnum eins og tiltekt fyrir karlana ef þeir sinna fótboltanum á meðan. Þá er umhugsunarefni hvernig foreldrasamskipti, sem konur sinna gjarnan, verða lítilfjörleg í umræðunni. Að kalla samskipti starfskvenna við foreldra „tjatt“ er ekki til þess fallið að lýsa mikilvægi þessa hluta starfsins en í lögum um leikskóla nr. 90/2008 stendur: „*Leikskólastjóri skal stuðla að samstarfi milli foreldra og starfsfólks leikskóla með velferð barna að markmiði.*“ Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir (2007) könnuðu samstarf og tengsl leikskólakennara og foreldra. Að þeirra mati er aðalsmerki góðs leikskólastarfs gott samstarf við foreldra (bls. 680). Niðurstöður þeirra sýna að leikskólakennarar hafa oftast samskipti við foreldra á óformlegan hátt með daglegu spjalli (bls. 687–688). Ef það er sú leið sem foreldrar og starfsfólk leikskóla velja til að eiga samskipti mætti ætla að „*tjattið*“ væri mikilvægur hluti starfsins. Dijk (2001) bendir á hvernig vald ríkjandi hópa getur tekið á sig for-

ræðismynd eins og kynjamisrétti (bls. 355). Umræða kvennanna bendir til þess að áherslur karlanna í leikskólunum mæti jákvæðari viðhorfum en áherslur kvennanna og það gefur körlunum ákveðna sérstöðu.

Áhugavert er að skoða betur umræðuna um fótboltann. Swain (2000) fjallar um mikilvægi fótboltans fyrir drengi á grunnskólaaldri í Bretlandi og hvernig hann á þátt í því að skilgreina karlmennsku. Að sýna að þú sért góður í fótbolta sýnir jafnframt að þú ert alvöru strákur. Fótboltinn persónugerir karlmenskuna og miðli hugmyndum meðal annars um styrk, samkeppni, völd og yfirráð. Þegar strákarnir spila fótbolta og líkja eftir fullorðnum hetjum sínum læra þeir að sýna hæfileika sína og æfa sig í að vera karlmenn (bls. 107). Connell og Messerschmidt (2005) segja að ríkjandi karlmennska mótist þegar fyrirmyndir um karlmenskuna eru búnar til. Atvinnumenn í íþróttum verða til dæmis valdatákn þó að fáum körlum og drengjum gefist kostur á því að verða atvinnuíþróttamenn (bls. 846). Messner (2011) bendir á tengsl á milli íþróttar og þess hvernig sjálfsvitund karla þróast þar sem stigveldi og samkeppni atvinnuíþróttamanna stuðli að þróun karlmannlegrar sjálfsvitundar (bls. 515). Karlarnir í leikskólunum tveimur fara því í viðtekin karlmennskuhlutverk þegar þeir spila fótbolta og styrkja um leið karlmennskuímynd sína. Það að konurnar hrósi þeim fyrir að sinna fótboltanum bendir til þess að bæði þær og karlarnir ýti undir hugmyndir um hefðbundin kynhlutverk. Styðjandi kvenleiki er ein af forsendum þess að hægt sé að viðhalda undirskipun kvenna í samfélaginu (Connell, 1987, bls. 183). Nordberg (2002) skoðaði mismunandi hugtök um karlmenskuna og jafnrétti meðal karlkyns leikskólakennara og hárgreiðslumanna (bls. 26). Hún benti á hvernig kvenkyns leikskólakennarar hættu til dæmis að spila fótbolta og fóru að sinna öðru þegar karlmenn fóru að vinna með þeim. Að hennar mati geta karlmenn á kvennavinnustöðum eins og leikskólum ýtt undir hefðbundnari verkaskiptingu milli kvenna og karla (bls. 33). Niðurstöður Sandbergs og Pramling-Samuelsson (2005), sem skoðuðu viðhorf kven- og karlkyns leikskólakennara til leiksins, sýna að kynin hafa ólíkar áherslur varðandi hlutverk sín í leiknum. Kvenkyns leikskólakennarar vildu ekki leika við börnin og reyndu að forðast það. Þær voru frekar nærri börnunum, hlustuðu á þau og lögðu áherslu á rólegan leik. Aftur á móti vildu karlkyns leikskólakennarar leika við krakkana, buðu þeim að leika, tóku þátt í leiknum með þeim og lögðu frekar áherslu á leik sem krafðist líkamlegrar getu (bls. 300).

Í þátttökuathugunum mátti greina ólíkar áherslur karla og kvenna. Á einni deildinni voru tveir kvenkyns leikskólakennarar, tveir kvenkyns leiðbeinendur og einn karlkyns leiðbeinandi að sinna börnunum. Þau höfðu ákveðin verkefni sem þau sinntu þar sem karlkyns leiðbeinandi sá um tónlistina í samverustundinni en kvenkyns leiðbeinendur og leikskólakennarar sinntu umönnun eins og bleiuskiptum og að aðstoða börnin á salerninu og að leggja á borð. Þegar eitt barn datt og grúfði sig niður í gólfíð ýtti karlinn því með fótunum yfir í næsta herbergi og hann hætti ekki þó að barnið kvartaði. Þá lyfti hann barninu upp í loftið með snöggum hreyfingum að því er virtist í þeim tilgangi að hressa það við. Kvenkyns leikskólakennari lagði aftur á móti áherslu á að veita barni persónulega athygli með því að faðma það að sér. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004) segir karlmenskuna vera tengda meintum yfirburðum karla á líkamlega sviðinu en kvenleika veikleika og tilfinningasemi. Karlkyns fyrirmyndir sem sýna börnum umhyggju eru lítt sýnilegar í samfélaginu en það eru fyrst og fremst konur sem eru sýndar í því hlutverki og ætlast er til að þær sinni því (bls. 58). Þá setur líkaminn körlum mörk þegar kemur að umönnun ungabarna því að í menningunni er hamrað á því að það sé þeim ekki eðlislægt að sinna því hlutverki (Connell, 2005, bls. 45). Leikskólakarlinn lagði áherslu á líkamlega yfirburði sína og að styrkja karlmennskuímyndina, sem tengist væntanlega því að karlar fari í „gamnislag“ við börnin. Konurnar fóru í viðtekin kvenhlutverk þar sem þeim leyfðist að sýna tilfinningasemi og umhyggju. Ólíkar áherslur kynjanna birtast þannig í framkomu við börnin.

Karlar sem fyrirmyndir barna

Í leikskólunum tveimur komu fram ólíkar væntingar til kvenna og karla. Talað var um karla sem nauðsynlegar fyrirmyndir fyrir börnin. Rúnar leiðbeinandi sagði:

Það er náttúrulega misjafnt, þú veist, heimilislífið hjá þeim. Kannski ... eiga þau annaðhvort ekki pabba eða ... svona hjálpar þeim allavegana á einhvern hátt kannski ef ég gef þeim einhverja ... rétta karlímynd ef að þau hafa enga í lífinu.

Athyglisvert er að skoða þetta nánar. Í fyrsta lagi telur Rúnar mikilvægt að börn hafi „*réttar karlímyndir*“ fyrir framan sig, og sérstaklega ef þau hafa enga heima fyrir, og telur sig geta veitt þeim þessa réttu ímynd. Þetta er í samræmi við niðurstöður Sargent (2000) sem skoðaði reynslu karlkennara. Þeir litu svo á að þeir ættu að haga sér eins og þeir væru staðgenglar föður hjá mörgum af börnunum (bls. 419). Í öðru lagi kom Rúnar inn á umræðu um einstæðar mæður og karlfyrirmyndir en þær eru háðar sérstakri rýni samfélagsins því ekki er gert ráð fyrir að þær geti leitt drengi inn í fullorðinsheim karlmanna (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004, bls. 118–119). Sargent (2000) bendir á hvernig karlkennarar líta á sig sem ákveðna fyrirmynd fyrir börn og þá sérstaklega drengi einstæðra mæðra (bls. 419). Í rannsókn Nordberg (2002) á körlum í hefðbundnum kvennastörfum lögðu sumir þátttakendur til dæmis mikla áherslu á karlmennsku sína í leikskólum og hvernig þeir væru ólíkir konunum og endurnýjuðu þannig um leið kynjatengslin. Aðrir lögðu meiri áherslu á að þeir væru leikskólakennarar og hvernig konur og karlar væru lík (Nordberg, 2002, bls. 30–31). Í þriðja lagi má greina eðlishyggju hjá Rúnari þar sem hann gerir ráð fyrir skýrt afmörkuðum kynhlutverkum. Loks er orðræðan útilokandi fyrir samkynhneigða foreldra. Svandís Anna Sigurðardóttir og Þorgerður Þorvaldsdóttir (2011) skoðuðu orðræðu og sjálfsskilning hinsegin mæðra sem þurfa stöðugt að berjast fyrir tilverurétti sínum og stöðu innan kerfis sem gerir ekki ráð fyrir þeim (bls. 569). Samkvæmt niðurstöðum þeirra getur það verið erfitt fyrir hinsegin mæður að losa sig undan og afbyggja til dæmis orðræðu í tengslum við feður og karlkynsmyndir (bls. 574) líkt og kom fram hjá Rúnari.

Umræða um karlkyns fyrirmyndir fyrir börnin, og þá sérstaklega strákana, kom einnig fram hjá kvenkyns leiðbeinanda.

En ég hef samt alveg séð ... þegar það eru strákar á öðrum deildum ... að börnin sækja líka rosalega mikið, og líka bara strákar, að fá svona aðeins ... að það séu ekki bara konur í kringum ... Það er rosalega mikið af strákum sem að þá sækja í þennan þá ákveðna starfsmann. Svona ákveðin fyrirmynd líka.

Athyglisvert er að skoða þessar hugmyndir í tengslum við drengjaorðræðuna en megininntak hennar er umfjöllun um slæmt gengi drengja í skólakerfinu. Drengjaorðræðan vísar til breytinga á umræðunni um stöðu stúlkna og drengja í skólakerfinu milli 1990 og 1999. Margir hættu að tala um slæma stöðu stúlkna og fóru að tala um drengina. Fram að því beindist stefnumótun, framkvæmdir og rannsóknir á kyngervi og menntun að stúlkum og málum stúlkna (Weaver-Hightower, 2003, bls. 472). Ein algengasta goðsögnin í drengjaorðræðunni er að slæmt gengi drengja í skólum megi rekja til þess að þá skorti karlfyrirmyndir (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004, bls. 116). Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004) tengir orðræðuna bakslagi í opinberum jafnréttismarkmiðum þar sem innihald menntunar og aðferðir til að styrkja bæði stúlkur og drengi til að takast á við óhefðbundin kynjaverkefni eru ekki í brennidepli (bls. 47). Rúnar og kvenkyns leiðbeinandinn virðast vænta þess að karlar sem starfa með börnum komi inn á forsendum kynsins og kynni fyrir börnunum sérstaka eiginleika sína sem séu ólíkir eiginleikum kvenna. Að okkar mati

bendir umræðan til þess að efla þurfi jafnréttisstarfið í skólunum, til dæmis með því að efla þekkingu starfsmanna á jafnrétti og kynjafræðum.

Mikilvægt er að skoða hlutverk bæði karla og kvenna sem fyrirmyndir barna í leikskólanum. Hugmyndir um karlmennsku geta leitt til þess að drengir velji sér síður störf sem teljast kvenlæg eins og leikskólakennarastarfið (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004, bls. 67). Bæði konur og karlar í leikskólunum tveimur eiga þátt í því að halda hefðbundnum kynjaímyndum á lofti. Karlarnir hafa fengið að skapa sér sérstöðu hvað varðar vinnubrögð, sem konurnar styðja. Á þessa verkaskiptingu starfsfólks horfa börnin sem eyða miklum tíma í leikskólaumhverfinu en árið 2012 voru um 96% 2–5 ára barna í leikskóla og 32% 1 árs barna (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2013, bls. 13). Þá voru um 53% 3–5 ára barna í átta tíma vistun og 31% þeirra í níu tíma vistun (Hagstofa Íslands, 2013a). Ef verkaskipting er greinileg þegar kemur að þáttum eins og leik og líkamlegri umhirðu má ætla að það ýti undir þá hugmynd hjá börnunum að konur og karlar hafi ólíka eiginleika og gegni því ólíkum hlutverkum. Francis (2006) bendir á að börn læri kyngervisvitund af félagslegum stofnunum eins og til dæmis fjölskyldu og skóla (bls. 10).

Fjöldi karla í leikskólum og fordómar

Ólíkar væntingar til kvenna og karla í leikskólum birtist einnig í umræðunni um fjölda karla í leikskólum. Rúnar leiðbeinandi virtist telja að viðtekna hugmyndir um kynhlutverk í samfélaginu skiptu miklu máli varðandi starfsval. Ari leiðbeinandi sagðist halda að það væri meiri áhugi hjá konum á starfinu. Jafnframt sagði hann: „*Ætli það sé ekki bara að ... [okkur] skortir móðureðlið eða eitthvað ... og svo kannski líka bara að þú veist vaninn er að kvenmenn ... ég held að það sé líka svoleiðis bara hvað fólk venur sig á.*“ Með því að tengja umönnun og uppeldi barna móðureðlinu vísar hann til hugmynda um eðlishyggju. Þegar hann var beðinn um að útskýra betur hvað hann ætti við sagði hann: „*Það er náttúrulega lögð meiri áhersla á annað ... hjá karlfólki.*“ Áhersluna á aðra þætti sagði hann vera bæði utan og innan leikskólanna þótt reynt væri að ráða karla inn í leikskólana. Ari talaði einnig um að vaninn væri að konur sinntu umönnun og uppeldi barna, en það tengist niðurstöðum Ingólfs V. Gíslasonar (2011) um að kynjaskipting á vinnumarkaðinum stuðli að því að viðhalda hugmyndum um eðlislæg einkenni kvenna og karla (bls. 306).

Aldur karla virðist skipta máli þegar skoðaðar eru væntingar sem gerðar eru til þeirra. Í viðtali við kvenkyns leikskólastjóra kom fram að það væri svolítið renneri á strákunum: „*Af því þeir eru að ráða sig þó þeir geri sér ekki alltaf grein fyrir hversu erfitt ... þessi vinna er. Þeir halda að þeir geti bara setið á stól og sungið Bí, bí og blaka.*“ Í orðum hennar endurspeglast neikvætt viðhorf til karla og svo virðist sem yngri karlar séu ráðnir til starfa í þessum leikskóla þó að gert sé ráð fyrir að þeir endist í stuttan tíma og viti ekki út í hvað þeir eru að fara. Hvað varðar eldri karla sagði hún: „*Það hafa sótt um eldri menn og maður er ekki að ráða þá af því að maður heldur bara ... ókei, það er eitthvað að honum, sko.*“ Staðalmyndir um kynin hafa greinilega áhrif og endurspeglu fordóma sem ríkja gagnvart körlum sem sækja í hefðbundin kvennastörf en hún sagði um eldri karla: „*Þeir mæta fordómum.*“

Þegar hugsanlegar ástæður fyrir því hvers vegna karlar mæta fordómum innan leikskólanna eru skoðaðar nánar bendir ýmislegt til þess að umræðan tengist því að þeir séu álitnir mögulegir kynferðisafbrotamenn. Hjá Rakel aðstoðarleikskólastjóra kom fram að sumir karlar ættu erfitt með að hjálpa börnum á klósettið vegna ríkjandi viðhorfa í samfélaginu. Þessi umræða er í samræmi við niðurstöður Vogt (2002) um að karlkennarar þurfi að gæta varkárni þegar kemur að líkamlegri snertingu við börn til að forðast ásakanir um kynferðislega áreitni eða ofbeldi (bls. 260). Þá telur Rakel mikilvægt að styðja karlana, enda eðlilegt að hjálpa börnum á klósettið. Karlar þurfi þó að brynja sig gagnvart foreldrum sem treysta þeim ekki eins og konum:

Við vorum með strák í vinnu hérna fyrir tveimur árum síðan, ungan strák, og það kom til okkar foreldri til að spyrja hvort að við hefðum kannað saka-skrána hans. Foreldrið hafði ekkert fyrir sér í þessu, leist bara þannig á strákinn.

Í skýrslu Unicef á Íslandi (2013) má finna niðurstöður greiningar á gögnum Barnahúss þar sem greind voru gögn frá janúar 2001 til júní 2012 (bls. 39). Á þessu tímabili var til meðferðar 151 kynferðisafbrotamál gegn börnum á aldrinum 3–6 ára. Gerandi kynferðis-ofbeldis var tengdur barninu fjölskylduböndum í um 61% tilvika. Í um 13% tilvika var gerandi ókunnugur barninu eða ekki vitað hver hann væri. Þá var gerandi kunnugur barninu á annan hátt, til dæmis fjölskylduvinur, nágrenni, vinur, kunningi eða gæsluaðili í um 26% tilvika. Þar af voru gæsluaðilar gerendur í um 2,6% tilvika en ekki tilgreint nánar hver staða gæsluaðilans var (bls. 42–43). Ekki fundum við upplýsingar um karla í leikskólum sem sérstakan gerandahóp. Umræðan um karlkyns starfsfólk í leikskólum og kynferðis-ofbeldi virðist vera lituð fordómum sem tengjast ríkjandi hugmyndum samfélagsins um hvað sé talið henta körlum annars vegar og konum hins vegar. Sumir, eins og kom fram hjá viðmælanda þessarar rannsóknar, virðast eiga erfitt með að sjá það fyrir sér að karlar sem sækjast eftir starfi í leikskólum geri það af áhuga á umönnun og velferð barna.

Stutt stopp, lág laun og kvennamening

Ólíkar væntingar til kvenna og karla birtast einnig í umræðunni um karla og stuttan starfsaldur þeirra í leikskólum og að þeir sækji ekki í starfið út af laununum og kvennameningu leikskólanna. Þetta kom fram hjá nokkrum viðmælendanna. Til dæmis sagði kvenkyns leikskólastjóri:

Þetta er auðvitað ... rötgróin kvennamening á, á leikskólum ... misjafnlega þó. Því á ... mörgum skólum ... hafa alltaf verið einhverjir karlmenn. En eins og hér, þá hafa aldrei verið fleiri en til dæmis eins og ... heldur en kannski þrír í einu og það þá stuttan tíma. Yfirleitt hefur bara verið einn.

Í viðtalinu við Ara leiðbeinanda kom fram að það sem fékk hann til að fara að vinna í leikskóla hefði verið „*stefnuleysi*“, eins og hann hefði ekki áhuga á starfinu og hugsaði það sem tímabundið atvinnuúrræði. Aftur á móti komu fram ákveðnar mótsagnir hjá honum því honum líkar starfið mjög vel og væri jafnvel til í að fara í leikskólakennaranám ef launin væru betri. Þegar hann talar um stefnuleysi virðist hann vera að reyna að uppfylla væntingar sem gerðar eru til karla í kvennastarfi um að þeir sinni því einungis tímabundið. Fleiri hindranir eru í vegi karla en kvenna þegar kemur að starfsvali eins og hugmyndir um karlmennsku (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004, bls. 62) og kröfur um há laun (bls. 65). Í viðtalsrannsókn Önnu Elísu Hreiðarsdóttur (2006) við íslenska karlleikskólakennara kemur fram að ákvörðun þeirra allra um að hefja nám í faginu hafi fremur verið tilviljun en að námið væri skipulagt með löngum fyrirvara. Leikskólastjórar voru einnig sammála um að karlar stöldruðu stutt við en töldu að ólíkar ástæður lægju að baki því hjá leiðbeinendum og leikskólakennurum. Leiðbeinendur væru gjarnan ráðnir tímabundið en karlkennarar hættu aðallega vegna þess að þeir væru að klífa metorðastigann (bls. 81). Þessi umfjöllun um litla endingu í starfi kom aftur á móti ekki fram í tengslum við konurnar. Það bendir til þess að meiri væntingar séu til þess að þær hafi áhuga og endist í starfi. Ólíkt Ara töluðu flestar kvennanna, eða sex af átta, um að þær hefðu byrjað að vinna í leikskóla vegna áhuga á starfinu. Til dæmis sögðu þær starfið vera „*spennandi*“, „*áhugavert*“, „*skemmtilegt*“, að það væri „*áhugamál*“ þeirra og talað var um „*brennandi áhuga á börnum og velferð þeirra*.“ Þá kom fram að starfið samræmdist vel fjölskyldu-ábyrgð og ein ákvað að fara í leikskólakennaranámið til að styrkja stöðu sína eftir að hafa unnið lengi sem leiðbeinandi. Jóhanna Einarsdóttir og Sif Einarsdóttir (2004) könnuðu reynslu, þarfir og aðstæður eldri og yngri kvenna í leikskólakennaranámi (bls. 45). Niður-

stöður þeirra sýna að meginástæða kvennanna fyrir námsvalinu var að þær höfðu fengið áhuga á starfinu þegar þær unnu í leikskóla eða fengið staðfestingu á því að þetta væri það sem þær vildu. Sumar höfðu alltaf ætlað sér að vinna með börnum. Margar eldri kvennanna fóru í leikskólakennaranámið til að styrkja stöðu sína í starfi (bls. 50–51). Þá bendir Þórdís Þórðardóttir (2012b) á að það sé auðvelt fyrir konur að samræma kennslu og heimilisstörf (bls. 80).

Umræðan um stuttan starfsaldur karla í leikskólum tengist því að lág laun fæli þá frá leikskólastarfinu. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004) bendir á að gert sé ráð fyrir að karlar hafi há laun og séu fyrirvinnur heimilisins (bls. 66). Fái karlar sæki í kennarastarfið vegna lágra launa sem gera fyrirvinnum ókleift að framfleyta fjölskyldu (bls. 126). Þessar hugmyndir komu fram hjá flestum viðmælendum. Til dæmis sagði Hrönn leikskólakennari: „... þetta eru náttúrulega alltof lág laun og það er kannski svolítið svona ... í samfélaginu, sko, að karlmenn eigi að hafa ... hærra laun heldur en konur.“ Þá talaði Bára leiðbeinandi bæði um launin og kvennameninguna: „Ætli það sé ekki launin og líka bara það eru ekki margir karlmenn inni á skólunum. Það er voðalega leiðinlegt fyrir einn karlmann að sitja alltaf inni í kerlingatali inni á kaffistofu.“ Með því að álykta að það sé erfitt fyrir karla að sætta sig við launin, vera í kringum konur og sinna hefðbundnum kvennastörfum er gert lítið úr konum og starfinu. Aftur á móti var ekki rætt um að það væri erfitt fyrir konur að sætta sig við lág laun eins og karlana. Gyða Margrét Pétursdóttir (2009) skoðaði launamun kvenna og karla á ólíkum sviðum vinnumarkaðarins. Konur sem hún talaði við höfðu unnið á kvennavinnustað í talsverðan tíma og virtust sætta sig við lág laun en töldu að karlar væru ekki tilbúnir til að gera það (bls. 84–85). Hún bendir á að konur og karlar ræði á ólíkan hátt ánægju eða óánægju með laun sín. Karlar bera sig saman við hæst launuðu karlana í samræmi við hugmyndir Connell (2005) um ríkjandi karlmennsku á meðan konur sætta sig við það sem þær hafa þar sem þær hafa ekki sömu viðmið og karlarnir. Þá taki þær starfsánægju fram yfir launin og henni er teft fram sem andhverfu hárra launa (bls. 224).

Samantekt og umræða

Í upphafi greinarinnar var varpað fram spurningunni: Hvernig hafa hugmyndir um kvenleika og karlmennsku áhrif á áherslur kvenna og karla sem starfa í leikskólum og þær væntingar sem eru gerðar til kynjanna? Niðurstöður sýna að flestir viðmælendurnir telja að vinnubrögð karla og kvenna í leikskólunum tveimur séu ólík. Karlarnir virðast mæta stuðningi frá samstarfskonum sínum sem bera gjarnan saman vinnubrögð kvenna og karla. Orðræðan í kringum áherslur karla er jákvæð og þeim er hrósað fyrir að sinna til dæmis fótbolta. Þessi stuðningur skapar körlunum ákveðna sérstöðu í leikskólunum tveimur þar sem sambærileg orðræða á sér ekki stað varðandi konurnar. Neikvæðni einkennir frekar orðræðuna í kringum áherslur þeirra á líkamlega umönnun, eftirlit og foreldrasamskipti. Orðræðan er lítuð eðlishyggju: til dæmis var talað um móðureðlið sem áhrifabátt í starfsvali og að kynin væru ólík og þyrftu þar af leiðandi ólík verkefni. Athyglisvert er að skoða umræðuna með tilliti til þess að flestar kvennanna í leikskólunum tveimur eru með leikskólakennaramenntun (sex af átta) og langa reynslu af leikskólastarfi (frá átta árum til 40 ára). Karlarnir eru aftur á móti báðir leiðbeinendur og með minna en tveggja ára starfsreynslu. Þeir eru í minnihluta starfsfólks, á hefðbundnum kvennavinnustað, en staða þeirra og kvenna innan leikskólanna virðist vera ólík þar sem vinnubrögð þeirra og áherslur eru meira metnar. Undirskipun kvenna á vinnumarkaðnum virðist viðhaldast innan þessara tveggja leikskóla, en eins og Connell (1987) bendir á geta konur verið alveg eins undirokaðar af karlmennsku sem er ekki ríkjandi (bls. 185) og styðjandi kvenleiki er ein af forsendum þess að hægt sé að viðhalda undirskipun kvenna í samfélaginu (bls. 183).

Niðurstöður sýna enn fremur að kvenkyns viðmælendur í rannsókninni virðast álíta karlkyns leikskólastarfsmenn vera mikilvægir fyrirmyndir fyrir börnin, og þá sérstaklega fyrir strákana. Umræðan tengist drengjaorðræðunni um skort drengja á karlkyns fyrirmyndum þar sem því er meðal annars haldið fram að það, að karlarnir fari í önnur hlutverk en konurnar, skipti máli fyrir börnin. Þá virðist líkamleg umönnun vera fyrst og fremst í höndum kvenna og karlarnir sjái um að leika við börnin. Það skiptir máli að skoða og meta þessa verkaskiptingu því hún getur ýtt undir þá hugmynd hjá börnum að konur og karlar hafi ólíkum hlutverkum að gegna. Francis (2006) bendir einmitt á að börn læri kyngervisvitund af félagslegum stofnunum eins og til dæmis fjölskyldu og skóla (bls. 10). Að okkar mati skiptir fjölbreyttur starfsmannahópur máli, það er hópur starfsmanna með ólík kyngervi sem þó sinnir sömu verkefnum. Þetta er mikilvægt því flest börn eyða að jafnaði átta til níu tímum daglega í leikskólunum.

Þá virðast ólíkar væntingar vera gerðar til kvenna og karla í leikskólunum tveimur varðandi laun og starfsaldur. Konurnar virðast vænta þess að karlar eigi erfitt með að sætta sig við lág laun og styðja um leið hugmyndina um karla sem fyrirvinnur. Þá væntir samfélagið, eins og það birtist og er viðhaldið í orðræðu kvennanna, þess að karlarnir stoppi stutt við og uppfylli þar með þær væntingar sem gerðar eru til karlmenskunnar og þeirra. Sams konar umræða var ekki í kringum konurnar sem bendir til þess að ætlast sé til þess að þær sætti sig frekar við launin. Fordómar virðast einnig hafa áhrif á fjölda karla í leikskólunum tveimur þar sem viðteknar hugmyndir samfélagsins um kynhlutverk skipta máli. Eins og Connell (2005) bendir á verður þekking um karlmennsku til með því að skoða kynjatengsl (bls. 44). Þá virðast sumir karlar mæta fordómum bæði innan leikskólanna og frá foreldrum sem tengist umræðunni um þá sem mögulega kynferðisbrotamenn. Aldur karlanna skiptir máli þar sem hugmyndir um eldri karla í starfinu mæta meiri fordómum en hugmyndir um yngri karla. Fólk virðist eiga erfitt með að sjá það fyrir sér að karlar, sem sækjast eftir starfi í leikskólum, geri það af áhuga á umönnun og velferð barna. Með því að álykta að það sé erfitt fyrir karla að sætta sig við launin, vera í kringum konur og sinna hefðbundnum kvennastörfum er gert lítið úr konum og starfinu. Slíkt viðheldur ríkjandi hugmyndum um að konur og karlar eigi að hafa ólík verkefni og um leið að það sem konur gera sé minna virði en það sem karlar gera. Þar með er kynjatengslum þar sem karlar eru ráðandi og konur styðjandi viðhaldið.

Nauðsynlegt er að taka niðurstöðum okkar með ákveðnum fyrirvara. Einungis er um tvo leikskóla að ræða og markmið rannsóknarinnar að varpa ljósi á stöðu þeirra en ekki að alhæfa út frá niðurstöðunum. Fjöldi leikskólakennara er misjafn í leikskólum, sem og fjöldi karlkyns leikskólakennara og leiðbeinenda, og það getur haft áhrif á niðurstöðurnar. Meiri hluti starfsfólks í leikskólum landsins er þó leiðbeinendur eins og komið hefur fram. Í ljósi þess þótti áhugavert að skoða stöðu tveggja leikskóla með það í huga að fá fram viðhorf bæði leikskólakennara og leiðbeinenda. Þannig teljum við að greinin varpi ljósi á það hvaða viðhorf og væntingar eru ríkjandi í leikskólunum tveimur.

Orðræða viðmælenda endurspeglar skort á jafnréttisþekkingu innan leikskólanna hjá bæði leikskólakennurum og leiðbeinendum. Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er markmið þeirra meðal annars að „*bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu*“, „*vinna að jöfnum áhrifum kvenna og karla í samfélaginu*“ og „*breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla.*“ Að okkar mati gefa niðurstöðurnar tilefni til þess að kanna hvernig staða kvenna og karla er í öðrum leikskólum þar sem þessum þáttum virðist ekki vera sinnt í þeim leikskólum þar sem rannsóknin var gerð. Ef ætlunin er að stuðla að auknu jafnrétti á vinnumarkaðnum á Íslandi þarf að huga að því hvernig bæta má umgjörð umönnunar- og kennslustarfa í leikskólum. Eitt af því hlýtur að vera að fjölga karlkyns leikskólakennurum. Til þess þarf að vinna gegn fordómum innan

og utan leikskólanna og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla. Mikilvægt er að sú vinna nái inn í leikskólastarfið því viðhorf og vinnubrögð leikskólustarfsfólks hafa að okkar mati bæði áhrif á stöðu starfsfólks og barnanna í leikskólunum og við tökum undir orð Þórdístar Þórðardóttur (2012a) um mikilvægi kynjafræðimenntunar í kennaranámi (bls. 50). Einnig bindum við vonir við starfsemi nýstofnaðs Jafnréttisskóla Reykjavíkur, en markmið hans er að skapa vettvang fyrir heilsteypt jafnréttisstarf í skólum (Reykjavíkurborg, 2014) og vonum við að fleiri sveitarfélög fylgi forðæminu. Með tilkomu skólans er hægt að efla kennara sem nú þegar hafa lokið námi sem og leiðbeinendur í því að breyta rótgrónum hugmyndum um karlmennsku og kvenleika.

Heimildir

Anna Elísa Hreiðarsdóttir. (2006). *Fólk heldur að við séum fleiri: Viðtalsrannsókn við íslenska karlleikskólakennara* (óutgefin meistararitgerð). Háskólinn á Akureyri, Akureyri.

Ásta Kristjana Sveinsdóttir. (2002, vor). Kvenna megin. *Skírnir*, 176, 165–174).

Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2007). Á mótum tveggja heima: Samstarf heimila og leikskóla. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII: Félagsvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í desember 2007* (bls. 679–690). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Charmaz, K. (2006). *Constructing grounded theory: A practical guide through qualitative analysis*. London: Sage.

Connell, R. W. (1987). *Gender and power: Society, the person and sexual politics*. Stanford: Stanford University Press.

Connell, R. W. (2005). *Masculinities* (2. útgáfa). Cambridge: Polity Press.

Connell, R. W. og Messerschmidt, J. W. (2005). Hegemonic masculinity: Rethinking the concept. *Gender & Society*, 19(6), 829–859.

Creswell, J. W. og Miller, D. L. (2000). Determining validity in qualitative inquiry. *Theory into Practice*, 39(3), 124–130.

Dijk, T. A. V. (2001). Critical discourse analysis. Í D. Tannen, D. Schiffrin og H. Hamilton (ritstjórar). *Handbook of discourse analysis* (bls. 352–371). Oxford: Blackwell.

Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw-Hill.

Forsætisráðuneytið. (2004). *Skýrsla nefndar um efnahagsleg völd kvenna*. Reykjavík: Höfundur.

Francis, B. (2006). The nature of gender. Í C. Skelton, B. Francis, og L. Smulyan (ritstjórar). *The SAGE Handbook on gender and education* (bls. 7–17). London: Sage.

Gyða Margrét Pétursdóttir. (2009). *Within the aura of gender equality: Icelandic work cultures, gender relations and family responsibility: A holistic approach* (doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Hagstofa Íslands. (2013a). Börn í leikskólum eftir aldri barna og lengd viðveru 1998–2011. Sótt af <http://hagstofa.is/?PageID=2604&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO01001%26ti=B%F6rn+%ED+leiksk%F3lum+eftir+aldri+barna+og+lengd+vi%F0veru+1998%2D2011++%26path=../Database/skolamal/IsNemendur/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Hagstofa Íslands. (2013b). Nemendur eftir námsbraut, skólastigi, tegund náms, almennu sviði og kyni 1997–2012. Sótt af <http://hagstofa.is/?PageID=2604&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=SKO04103%26ti=Nemendur+eftir+n%E1msbraut%2C+sk%F3lastigi%2C+tegund+n%E1ms%2C+almennu+svi%F0i+og+kyni+1997%2D2012+%26path=../Database/skolamal/hsNemendur/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Hagstofa Íslands. (2013c). Starfsfólk í leikskólum eftir kyni, starfssviðum og rekstrar-aðilum 1998–2012. Sótt af <http://hagstofa.is/?PageID=2604&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO01300%26ti=Starfsf%F3lk+%ED+leiksk%F3lum+eftir+kyni%2C+starfssvi%F0um+og+rekstrara%F0ilum+1998%2D2012+%26path=../Database/skolamal/lsStarfsfolk/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Hagstofa Íslands. (2013d). Starfsfólk í leikskólum eftir menntun 1998–2012. Sótt af <http://hagstofa.is/?PageID=2604&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO01303%26ti=Starfsf%F3lk+%ED+leiksk%F3lum+eftir+menntun+1998%2D2012+++%26path=../Database/skolamal/lsStarfsfolk/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Haug, F. (2005). Gender relations (P. Thomas þýddi). *Historical Materialism*, 2(13), 279–302).

Ingólfur V. Gíslason. (2011). Karlar í „kvenna“störfum. Í Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XII: Félags- og mannvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2011* (bls. 306–314). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum.

Jóhanna Einarsdóttir og Sif Einarsdóttir. (2004). „Á ég að vera með þvílíkum kerlingum í bekk?“ Reynsla eldri og yngri nemenda í leikskólakennaranámi. *Uppeldi og menntun*, 13(1), 45–65.

Jóhanna Einarsdóttir, Arna H. Jónsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2013). Sjónarmið leikskólakennara og leiðbeinenda: Áherslur og verkaskipting í leikskólastarfi. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/007.pdf>

Kolbeinn H. Stefánsson. (2008). *Kynhlutverk: Viðhorf til kynbundinnar verkskiptingar*. Reykjavík: Rannsóknarstöð þjóðmála, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Lena Rut Birgisdóttir. (2011). *Að halda í karlmenskuna: Reynsla karla í kvennastörfum* (óútgefin meistarafræðing). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2012). *Aðgerðir til eflingar leikskólustigsins*. Reykjavík: Höfundur.

Messner, M. A. (2011). Power at play: Sport and gender relations. Í S. Maasik og J. Solomon (ritstjórar), *Signs of life in the USA: Reading on popular culture for writers* (7. útgáfa, bls. 513–523). Boston: Bedford/St. Martin's.

- Nordberg, M. (2002). Constructing masculinity in women's worlds: Men working as pre-school teachers and hairdressers. *NORA: Nordic Journal of Women's Studies*, 1(10), 26–37.
- O'Reilly, K. (2005). *Ethnographic methods*. London: Routledge.
- Reykjavíkurborg. (2014). Jafnréttisskóli Reykjavíkur. Sótt af <http://reykjavik.is/jafnrettisskoli-reykjavikur>
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2013). *Skólaskýrsla 2013*. Reykjavík: Höfundur.
- Sandberg, A. og Pramling-Samuelsson, I. (2005). An interview study of gender difference in preschool teachers' attitudes toward children's play. *Early Childhood Education Journal*, 32(5), 297–305.
- Sargent, P. (2000). Real men or real teachers? Contradictions in the lives of men elementary teachers. *Men and Masculinities*, 2(4), 410–433.
- Sigríður Þorgeirsdóttir. (2002). Um meintan dauða fémínismans. *Ritið*, 2(2), 77–101.
- Svandís Anna Sigurðardóttir og Þorgerður Þorvaldsdóttir. (2011). Kynjaflækja hinsegin mæðra. Í Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XII: Félags- og mannvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2011* (bls. 569–575). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Swain, J. (2000). 'The money's good, the fame's good, the girls are good': The role of playground football in the construction of young boys' masculinity in a junior school. *British Journal of Sociology of Education*, 21(1), 95–109.
- Umboðsmaður barna. (2014). Öryggi og slysavarnir. Sótt af http://www.barn.is/adalsida/malaflokkar/oryggi_og_slysavarnir/
- Unicef á Íslandi. (2013). *Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir*. Reykjavík: Höfundur.
- Vogt, F. (2002). A caring teacher: Explorations into primary school teachers professional identity and ethic of care. *Gender and Education*, 14(3), 251–264.
- Weaver-Hightower, M. (2003). The „boy turn“ in research on gender and education. *Review of Educational Research*, 73(4), 471–498.
- West, C. og Zimmerman, D. H. (1987). Doing gender. *Gender and Society*, 1(2), 125–151.
- Wodak, R. og Meyer, M. (2001). *Methods of critical discourse analysis*. London: Sage.
- World Economic Forum. (2103). *The global gender gap report 2013*. Geneva: Höfundur.
- Þórdís Þórðardóttir. (2012a). Hvers vegna á kynjafræði erindi í kennarafræðimenntun? Í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn H. Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstjórar), *Kynjamyndir í skólasterfi* (bls. 31–52). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Þórdís Þórðardóttir. (2012b). Konur og kennsla. Í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn H. Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstjórar), *Kynjamyndir í skólasterfi* (bls. 65–82). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Um höfunda

Laufey Axelsdóttir (laa2@hi.is) lauk BA-prófi í uppeldis- og menntunarfræði frá Háskóla Íslands í október 2008 og MA-prófi í kynjafræði frá sama háskóla í júní 2013. Hún er doktorsnemi í kynjafræði við Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar hafa snúið að stöðu kvenna og karla á vinnumarkaðnum og náms- og starfsvali ungmenna.

Gyða Margrét Pétursdóttir (gydap@hi.is) er lektor í kynjafræði við Stjórn-málafræðideild Háskóla Íslands. Hún gegndi áður stöðu aðjúnkts við sömu deild og lauk doktorsprófi í kynjafræði árið 2009. Rannsóknaráherslur hennar eru: Kynjafræði, feminismi, karlmennskur, kvenleikar, hrunið, vinnumenning, kynjatengsl, fjölskylduábyrgð, fæðingar- og foreldraorlof, hinsegin fræði.

Efnisorð

*leikskólar – kyngervi – kynhlutverk – verkaskipting
– ríkjandi karlmennska – styðjandi kvenleiki*

About the authors

Laufey Axelsdóttir (laa2@hi.is) finished a BA in Education from the University of Iceland in October 2008 and an MA in Gender Studies from the same university in June 2013. She is a PhD student in Gender Studies at the University of Iceland. Her research interest concerns the status of women and men in the labour market and the educational and vocational choice of young people.

Gyða Margrét Pétursdóttir (gydap@hi.is) is an Assistant Professor in Gender Studies at the Faculty of Political Science, University of Iceland. She has a PhD in Gender Studies, which she completed in 2009. Her research areas are: Gender, feminism, masculinities, femininities, economic crisis, work cultures, gender relations, family responsibility, leave policies, queer studies.

Key words

*preschools – gender – gender roles – division of labour
– hegemonic masculinity - emphasized femininity*



Laufey Axelsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2014).
Kynjaðar væntingar til kvenna og karla í tveimur leikskólum.
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2014/ryn/002.pdf>